

231
28. des.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Búðakauptún, nr. 117 20. desember 1931, samanber reglugerðir nr. 3 19. janúar 1937 og nr. 90 20. júlí 1938.

Öll gjöld samkvæmt 8., 9. og 14. gr. hafnarreglugerðarinnar skulu frá og með 1. janúar 1944 innheimtast með 100% viðauka, þar til annað kynni að verða ákveðið.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

232
30. des.

REGLUR

um breyting á reglum um störf kjötmatsmanna, nr. 82 10. ágúst 1933.

1. gr.

7. gr. reglnanna orðist þannig:

Allt kindakjöt, sem selja á innanlands í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal metið, flokkað og merkt, sem hér segir:

- a. Dilkakjöt, sem selja á nýtt eða frosið, skal skoðað af lækni, merkt og metið gæðamati af kjötmatsmanni eftir sömu reglum, sem gilda um freðkjöt til útflutnings, sbr. 10. gr. Undanþegið þessum ákvæðum skal þó það kjöt, sem selt er á sumarmarkaði. Enn fremur getur ráðuneytið veitt undanþágu frá þessum ákvæðum að fengnum tillögum hlutaðeigandi yfirkjötmatsmanns og kjötverðlagsnefndar.

Stórhöggvið saltað dilkakjöt skal flokkað og merkt eftir sömu reglum, sem gilda um saltkjöt til útflutnings.

Spaðsaltað dilkakjöt skal flokkað og tunnur merktar á þessa leið:

Tunnur með dilkakjöti, þegar skrokkarnir vega 12 kg og þar yfir, skal merkja:

SPÆSALTAÐ DILKAKJÖT A

Tunnur með dilkakjöti, þegar skrokkarnir vega undir 12 kg, skal merkja:

SPÆSALTAÐ DILKAKJÖT B

Heimilt er að meta sérstaklega holdgóða skrokka, sem vega 14 kg og þar yfir og merkja tunnurnar:

SPÆSALTAÐ DILKAKJÖT ÚRVAL

- b. Kjöt af fullorðnu og veturgömlu fé, sem selja á nýtt, frosið eða saltað, skal flokkað, metið gæðamati og merkt, sem hér segir:

Kjöt af algeldum ám og sauðum tveggja og þriggja vetra, skal merkja S.I., ef skrokkarnir eru vel holdfylltir og feitir, en S.II., séu þeir rýrari.

Kjöt af geldum ám, sem eru eldri en þriggja vetra, skal merkja G.I., ef skrokkarnir eru vel feitir.

Kjöt af veturgömlu fé skal merkja V.I. ef skrokkarnir eru holdgóðir og vel feitir, en V.II. séu þeir rýrari.